STVS1A05 - Starfsnám á vinnustað

Lýsandi heiti áfanga: Starfsnám á vinnustað
Framhaldsskólaeiningar: 5
Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans:
Áfanginn er verklegur og fer námið fram á hinum ýmsu vinnustöðum í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Vinnan á starfsnámsstað er skipulögð í samráði við fulltrúa vinnustaðar. Starfsnámstímabilið stendur yfir alla önnina og er viðvera nemenda á starfsnámsstað einstaklingsbundin. Umsjónarmaður starfsbrautar hefur umsjón með starfsnáminu en stefnt er að því að nemendur vinni undir leiðsögn starfsmanns á vinnustað. Í áfanganum er lögð áhersla á stundvísi, vandvirkni, sjálfstæði, samviskusemi, heiðarleika og að nemendur þekki og fari eftir vinnureglum og helstu öryggisatriðum á vinnustað.

Lokamarkmið áfanga:

- að víkka reynsluheim nemandans og auka víðsýni hans
- að stuðla að bættri sjálfsmynd og auknu sjálfstæði
- að nemandi mæti snyrtilega til fara í vinnu
- að gefa nemandanum tækifæri til þess að nýta lærða færni við nýjar og óþekktar aðstæður
- að nemandinn verði virkur þátttakandi á vinnustað
- að nemandi þekki rétt sinn á vinnumarkaði

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hvað það er að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi
- því sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám
- hvernig nýta beri lærða færni með því að ræða hana við aðra nemendur og bera saman við annað sem honum finnst skipta máli, t.d. áhugamál.
- hvernig hann miðlar þekkingu sinni með fjölbreyttum og skapandi hætti í samræðu við aðra nemendur með margskonar hætti.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta tjáð sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt og vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi
- geta beitt skapandi hugsun í öllu starfi , vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn
- hafa aflað sér þjálfunar í þeim aðferðum og verklagi sem nám á vinnustað hans krefst
- geta greint á milli mismunandi aðferða og milli mismunandi þátta í skipulagi verkferla

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa skýra sjálfsmynd og gera sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt
- geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk
- geta að hagnýtt sér þá hæfni sem hann hefur aflað sér hvort heldur sem er í frekara námi eða í daglegu lífi. Hann á að geta sýnt fram á almenna siðvitund sína og umburðarlyndi og á að hafa skilning á eigin getu.
- geta miðlað þekkingu sinni og leikni á hagnýtan máta og sýnt þannig sköpunarmátt sinn, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir og skoðanir.
- Meta eigið vinnuframlag

Námsmat:
90% Símat sem byggir á frammistöðu nemandans á starfsnámsstað og á vinnusvæði í skóla. Tekið er mið af eftirfarandi þáttum: samskiptum, frumkvæði, sjálfstæði, vinnusemi og vandvirkni. Matið gerir fulltrúi starfsnámsstaðar og/eða starfsnámskennari MTR.
10% Verkefni og/eða dagbók.

Birt með fyrirvara um breytingar